

Föstudaginn 13. október 1989.

Nr. 215/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Birgi Andréssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1989 að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Andrésson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989.

Ár 1989, föstudaginn 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 222/1989: Ákærvaldið gegn Birgi Andréssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 30. mars sl., á hendur „Birgi Andréssyni, Gnoðarvogi 74, Reykjavík, kennitala 23.04.59-2079, fyrir að aka fimmtudaginn 2. febrúar 1989, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni X 1238 frá heimili sínu og um götur í borginni, þar til lögregla stöðvaði akstur hans á Rauðarárstíg.

Telst þetta varða við 1.mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákærana rétta að öðru leyti en því, að hann sé ekki sviptur ökuleyfi ævilangt, heldur í þrjú ár frá 12. október 1988 að telja.

Málavextir eru þeir, að fimmtudagskvöldið 2. febrúar sl. stöðvaði lögreglan í Reykjavík bifreiðina X 1238 á Rauðarárstíg við Hverfisgötu. Öku- maður reyndist vera ákærði. Hann viðurkenndi hjá lögreglu að hafa ekið bifreiðinni frá heimili sínu að Brautarholti 4 og þaðan að þeim stað, er hann var stöðvaður á.

Hér fyrir dómi hefur ákærði einnig viðurkennt að hafa ekið þessari bifreið, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjalinu, og að hafa verið réttindalaus við aksturinn. Það er hins vegar ekki rétt, að ákærði sé sviptur ökuréttindum ævilangt, eins og haldið er fram í ákæru, heldur er hann sviptur þeim í þrjú ár frá 12. október 1988 að telja, eins og fram kemur í sakavottorði hans. Þrátt fyrir þetta má leggja dóm á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur vörn ákærða í engu orðið áfátt.

Með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæruskjali og er þar rétt færður til refsíákvæðis.

Sakaferill ákærða er sem hér segir:

- 1982: Sekt og ævilöng ökuleyfissvipting fyrir ölvunarakstur.
- 1983: 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, og sekt fyrir ölvunarakstur, réttindaleysi og fleiri umferðarlagabrot.
- 1986: 40 daga varðhald og ævilöng ökuleyfissvipting fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi. Breytt í Hæstarétti í tveggja mánaða fangelsi.
- 1987: 7 daga fangelsi fyrir réttindaleysi við akstur.
- 1988: 3 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás, ölvunarakstur og skotvopnagabrot. Sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 12. október 1988. Ákærða var veitt heimild til ökuleyfis á ný 27. janúar 1988.
- 1988: 30 daga fangelsi fyrir fjársvik. Hegningarauki.

Þá hefur ákærði tíu sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis-, umferðar-, skotvopna- og siglingalagabrot. Frá árinu 1985 hefur ákærði fimm sinnum verið sakfelldur fyrir réttindaleysi við akstur.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða er refsing hans hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi, tvo mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
